



ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

JÖKULL

1049. tbl - 23. árg.

5. janúar 2023



Rifshöfn ísilögð



Mikið frost og snjópungi hefur einkennt ársbyrjun og í raun lok ársins 2022 líka. Nýja árið tók á móti okkur með gulri viðvörðun, snævipakinni jörð og ísilögðum tjörnum.

Frostið bitur og náði Pröstur Albertsson, ljósmyndari, þessari mynd af Rifshöfn á dögnum þar sem höfnin er þakin ís sem umlykur bátana.

sj

Flugeldasalan svipuð og síðasta ár

Hámarki flugeldasölnunnar þetta tímabilið hefur verið náð en aðeins einn dagur af sölu flugelda er eftir og er það á sjálfan þrettándan. Að venju eru tveir sölustaðir með flugelda í Snæfellsbæ, hjá Björgunarsveitinni Lífsbjörgu í Von á Rifi og hjá Lionsklúbbi Ólafsvíkur í Mettubúð í Ólafsvík. Salan gekk mjög vel hjá báðum söluaðilum, segir Ísabella Una hjá Björgunarsveitinni að salan hafi gengið vel og verið svipuð og í fyrra. Sömuleiðis gekk salan hjá Lionsklúbbi Ólafsvíkur vel en Sólvi

Konráðsson segir sölnuna í ár hafa verið heldur meiri en á síðasta ári. Á báðum stöðum var mikil ánægja með gengið í ár. Björgunarsveitin sá einnig um tvær flugeldasýningar yfir áramótin, eina í Staðarsveit þann 30. desember og hina við brennuna á Breið á gamlárskvöld. Sýningarnar voru undirbúnar af félagum á meðan á sölnunni stóð í Von. Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun svo sjá um flugeldasýningu í Ólafsvík á þrettándanum.

sj



**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Menningarsamningur undirritaður

Frystiklefinn og Snæfellsbær undirrituðu nýjan menningarsamning rétt fyrir áramót. Samningurinn gildir til tveggja ára og felur í sér skipulagningu og framkvæmd verkefna með leikskólum, eldri borgurum og einstaklingum með skerta starfsgetu. Eldri borgarar og unglingar í 8-10. bekk njóta góðs af samningnum en Frystiklefinn sér þeim fyrir ársmiðum sem gilda á alla viðburði þar næstu tvö árin. Frystiklefinn heldur einnig áfram tónleikahaldi og framleiðslu sviðslista eins og þau hafa gert undanfarin ár. Sterkt menningar- og listalíf er nauðsynlegt hverju samfélagi og hlakka starfsmenn Frystiklefans til að halda áfram að sinna hlutverki sínu sem er að efla menningar- og listalíf bæjarins.

jj



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Getraunir 1x2

Áramótaseðillinn fór ekki sem skyldi hjá getrauna snillingunum, eða að jólasteikin hefur farið eitthvað illa í leikmenn ensku liðanna, því úrslit voru í engu samræmi við stigatöfluna! Allavega reyndust menn ekki ýkja getspakir því hæsta skorið var aðeins 9 leikir réttir af 13. Það dugar ekki til vinnings. Þó er það þannig að ef menn hitta á að geta sér rétt til um þessi skritnu úrslit, þá gefur það hæstu vinninganna, en svo er bara að hitta á þau. Næsta laugardag verða sennilega leikir í ensku bikarkeppninni á dagskrá og þá ætti að ganga betur. Við erum ánægðir með síð-

asta ár hjá okkur þó svo að vinningar hafi ekki alltaf skilað sér og þeir sem komu ekki háir, því aðal tilgangur með þessum leik er að ná í tekjur fyrir Viking. Þess vegna ætlum við halda áfram að hittast, allavega út leiktímabilið í enska boltanum. Gaman væri að sjá fleiri kíkja við hjá okkur á laugardögum það sem eftir lifir vetrar og tippa nokkrar raðir. Við verðum áfram í Áttagastofunni á laugardögum á milli klukkan 11.00 og 12.00 og að sjálfsögðu kaffi á könnunni.

Áfram Vikingur.

Flugeldar og brenna á Breið



Mikið sjónarspil blasti við ljósmyndara blaðsins á nýársnótt þegar bæjarbúar kvöddu 2022 og tóku fagnandi á móti nýju ári. Það viðraði vel fyrir flugelda á gamlárskvöld en veðurstofan hafði gefið út gula viðvörun sem tók gildi þegar leið á kvöldið. Árlega áramótabrennan var á sínum stað á Breiðinni á Gamlárs-

kvöld. Brennustjórinn Hjálmar Kristjánsson stýrði brennunni eins og hefð er fyrir. Mikill fjöldi safnaðist saman til þess að njóta brennunnar og flugeldasýningarinnar en þegar leið á brennuna tók flugeldasýning björgunarsveitarinnar Lífsbjargar við og var hún sérlega glæsileg í ár.

jj



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Gjaldskrá

fyrir leikskólasel á Lýsuhóli 2023

Fyrsta barn	2022	2023
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	4.000	4.000

5 dagar í viku 0 24.000

4 dagar í viku 24.000 19.200

** 2023: gerð er tillaga um óbreytt grunngjald.*

Forgangur/einst. (60%)	2022	2023
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.400	2.400

5 dagar í viku 0 14.400

4 dagar í viku 14.400 11.520

Annað barn (50% - úr 75%)	2022	2023
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	3.000	2.000

5 dagar í viku 0 12.000

4 dagar í viku 18.000 9.600

Þriðja barn (0% - úr 50%)	2022	2023
Grunngj. fyrir hverja dvalarstund	2.000	0

5 dagar í viku 0 0

4 dagar í viku 12.000 0

Fæðiskostnaður	2022	2023
Morgunverður	2.500	2.600
Hádegisverður	5.000	5.250

** 2023: gerð er tillaga um 5% hækkun á fæðiskostnaði*

ATH.: Grunngjald dvalarstundar er það sama og í leikskóla Snæfellsbæjar norðan heiðar.

** 2023: systkinaafsláttur samræmdur við leikskólann norðan heiðar.*



Um áramót



Ágætu lesendur Jökuls, eins og löng hefð er orðin fyrir, mun ég í nokkrum orðum fara yfir nýliðið ár í Snæfellsbæ.

Árið í hnotskurn

Það jákvæðasta við árið 2022 að mínu mati er sú staðreynd að við fengum frelsið okkar aftur eftir að hafa verið í glímu við COVID síðustu tvö árin. Eðlileg samskipti og samvera fólks er nærandi og okkur öllum mikilvæg. Þó við gerum okkur grein fyrir því að veiran er ekki farin og að enn er mikilvægt að fara varlega þá erum við samt frelsinu fegin.

Það óvæntasta og jafnframt það neikvæðasta á árinu 2022 er sú staðreynd að nú geisar stríð í Evrópu eftir innrás Rússlands í Úkraínu. Saga stríða og þeirra hörmunga sem þau skapa er skelfileg og það er hálf óraunverulegt að fylgjast með fréttum af slíku í Evrópu í nútímanum. Það að fólk hafi ekki aðgang að vatni, ljósi eða hita í miklum kuldem er hræðilegt og afar dapur að mikli kapp sé lagt að eyðileggja innviði landsins svo ekki sé nú talað um alla þá sem hafa látist í þessum hörmungum.

Ein skrítnasta upplifunin á árinu var stuldurinn á styttunni af Guðríði Þorbjarnadóttur sem stendur við Laugabrekku á Hellnum. Mikil fjölmiðlaumfjöllun fylgdi í kjölfar þjófnaðarins og var ég glaður með að flestir áttuðu sig á því að það getur aldrei verið réttlætanlegt að stela jafnvel þó að það sé gert í listrænum

tilgangi. Styttan kom aftur heim en ekki er búið að refsa þjófnum þegar þetta er skrifað og er það mál í vinnslu.

Þjóðgarðurinn

Framkvæmdir við Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi gengu vel á árinu og lauk framkvæmdum við húsið nú á haustmánuðum. Bílastæðið við húsið var einnig malbikað og lokafrágangur við það verður á þessu ári. Það er enginn vafi á því að með tilkomu þessa glæsilega húss þá mun starfsemi Þjóðgarðsins eflast enn frekar næstu árin. Starfsmönnum mun fjölga við Þjóðgarðinn og fyrirhugað er að setja upp sýningu í húsinu sem eflaust mun draga að sér fjölda fólks. Því má segja að Þjóðgarðurinn sé og verði eitt af okkar flaggskipum hér á Snæfellsnesi. Tækifærin sem skapast með allri þeirri uppbyggingu sem er innan Þjóðgarðsins mun styrkja svæðið okkar. Þjóðgarðsráð var stofnað á árinu og sitja sex einstaklingar í því en ráðinu er ætlað að starfa með Umhverfisstofnun sem fer með stjórn Þjóðgarðsins og bind ég miklar vonir við störf ráðsins.

Vonbrigði ársins

Ein mestu vonbrigði ársins var lokun útbús Hafró í Ólafsvík nú um áramót. Bæjarstjórn fundaði með forstjóra Hafró, alþingismönnum, ráðherra og starfsmönnum ráðuneytisins en allt kom fyrir ekki Hafró skellti í lás 31.12.2022. Það er óþolandi að þurfa að setta sig við þetta, sérstaklega í ljósi þess að í tali er verið að leggja áherslu á að fjölga opinberum störfum úti á landi en því miður fer ekki alltaf saman hljóð og mynd hvað þetta varðar.

Kosningar

Á síðastliðnu ári voru sveitarstjórnarkosningar og var ný bæjarstjórn kosin í Snæfellsbæ í maí. Ekki urðu miklar manna-breytingar í bæjarstjórn, en það

komu 2 nýir bæjarfulltrúar til starfa eftir kosningar. Undirritaður var síðan ráðinn áfram til að gegna stöðu bæjarstjóra og er þetta 7 kjörtímabilið sem er að hefjast. Það er ekki sjálfsagt að vera treyst til að stýra bæjarfélaginu þetta lengi. Fer ég í það verkefni af auðmýkt og tilhlökkun. Verkefni samfélags eins og Snæfellsbæjar eru óþrjótandi og margt spennandi er framundan næstu árin, okkar sem samfélags er að nýta þau tækifæri sem skapast.

Hátíðarhöld

Á árinu var Sandara- og Rífsargleðin haldin og tókst hún með miklum ágætum og alltaf gaman þegar fólk hittist og á góða daga.

Snæfellsbær var gestgjafi hátíðarinnar Hinsegin Vesturland síðastliðið sumar. Mikið var lagt í undirbúninginn og hátíðina sjálfa. M.a. var málaður stór og fallegur regnbogi fyrir neðan kirkjuna í Ólafsvík sem hefur vak- ið verðskuldaða athygli og ætlum við að hafa hann áfram næstu árin a.m.k.. Gaman var að sjá hversu margir bæjarbúar tóku þátt í hátíðinni sem tókst frábærlega.

Umhverfismál

Umhverfismálin eru okkur Snæfellingum alltaf ofarlega í huga. Á árinu fór mikil vinna fram á vegum Svæðisgarðsins í umhverfismálin. Stefnt er að umsókn um að Snæfellsnes verði Unesco MAB svæði. Ef okkur tekst að fá vottun tel ég að það muni hafa mikil og góð áhrif á svæðið og mikil viðurkenning á starfi okkar Snæfellinga að umhverfismálum.

Framkvæmdir í bæjarfélaginu

Eins og undanfarin ár var töluvert um framkvæmdir í Snæfellsbæ bæði á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila og ætla ég að fara yfir þær hér að neðan.

Segja má að höfuðáherslan í framkvæmdum ársins hafi verið viðhaldsframkvæmdir á eignum sveitarfélagsins. Ekki tókst þó að framkvæma allt það sem átti að framkvæma á árinu sökum skorts á fagmönnum til verka. Á nýju ári bindum við vonir við að okkur gangi betur að fá verktaka í verkefni.

Ánægjulegt var að fylgjast með

byggingu fjölda íbúðahúsa í Snæfellsbæ bæði á vegum einstaklinga og annarra. Snæfellsbær á lítinn hlut í Snældu sem er að byggja 6 íbúðir á Hellissandi sem gert er ráð fyrir að verði tilbúnar snemma þessa árs og verða seldar á almennum markaði. Það skiptir miklu máli fyrir okkur að nægt framboð sé á húsnæði í bæjarfélaginu til að við getum tekið á móti fólki sem vill flytja til okkar.

Bæjarstjórn tók þá ákvörðun síðla sumars að festa kaup á nokkrum húsum fyrir hina ýmsu starfsemi í Snæfellsbæ. M.a. var keypt hús sem á að hýsa starfsemi eldri borgara í Snæfellsbæ, húsið er um 500 m² að stærð og á eftir að nýtast starfsemi vel. Annað hús verður síðan reist á Lýsuhóli sem verður um 200 m² að stærð og á að bæta aðstöðuna fyrir leik og grunnskólann.

Lokið var við tvö stór verkefni á ferðamannastöðum á árinu en styrkur fékkst til þeirra frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, annar styrkurinn var til að bæta aðgengi að Svöðufossi og hinn til að bæta aðgengi við styttuna af Bárði-Snæfellsás. Óhætt er að segja að þessi verkefni hafi tekist ákaflega vel og er mikil ánægja með þau. Verkefnið á Arnarstapa er liður í mun stærri framkvæmd sem vonandi verður hægt að fara í á næstu árum.

Lokið var við framkvæmdir við vallahúsið á fótboltavellinum í Ólafsvík og þakið á byggingu tónlistarskólans á Hellissandi var endurnýjað. Töluverðar framkvæmdir voru við grunnskóla-deildina á Hellissandi, skipt var um dúk á stofu, inngangurinn endurnýjaður og aðgengi að skól- anum bætt til muna. Keyptir voru nýir gluggar í allt húsið og byrjað var á að skipta út gluggum í skólanum og vonandi tekst okkur að ljúka því verkefni á þessu ári. Húsið var allt þvegið að utan og farið í múrviðgerðir, í ár verður húsið síðan málað. Farið var í framkvæmdir við lóð leikskólans á Hellissandi, girðing endurnýjuð að hluta og leiktæki máluð. Skipt var um gólfduka í tveimur stofum í grunnskólanum í Ólafsvík ásamt því að stofurnar voru málaðar.

Haldið var áfram við að endurnýja ljósabúnað í götuljósum sveitarfélagsins en það mun taka nokkur ár. Verkið felst í því að



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

skipta út eldri ljósum og setja upp mun sparneytnari led lýsingu. Þetta er enn einn liðurinn hjá sveitarfélaginu í orkusparnaði.

Framkvæmdir hafnarsjóðs

Árið var gott hjá Hafnarsjóði Snæfellsbæjar og þar var landað tæpum 40.000 tonnum sem er með því mesta sem landað hefur verið. Einnig var fiskverð mjög gott sem skilaði sér í góðum tekjum fyrir höfnina.

Á vegum Hafnarsjóðs voru helstu verkefni að rekið var niður nýtt stálþil við Norðurtanga í Ólafsvík og þekja steipt. Nýtt masturhús á Norðurgarði var byggt og rafmagn endurnýjað. Það verkefni er hluti af stærra verkefni sem er orkuskipti í höfnum á Íslandi. Hafnarhús í Ólafsvík klætt að utan og unnið að stækkingun þess.

Í Rifshöfn var unnið við umhverfismál við uppsátur, þöklagningu og gangstétt. Byrjað var á dýpkun í innsiglingunni í haust en því miður sökk dýpkunarpraminn þannig að ekki er búið að klára það verk. Vonum við að það verkefni klárast á þessu ári.

Hluti af vefmyndavélum voru endurnýjaðar í höfnunum og hluti af fríholtum í höfnunum var endurnýjaður, gangstéttar voru steypar og götulýsing var sett upp við Snoppuveg.

Listir og menning

Snæfellsbær tók þátt í afar skemmtilegu verkefni á Hellissandi, þar var sett upp listaverk sem ber nafnið Frelsisvitinn eftir þýska högglistamanninn Jo Kley en Lionsklúbbur Nespinga sá um að fjármagna verkefnið sem unnið var í Saltportinu hjá Steingerði og Árna. Þetta fallega listaverkstendur neðst við Höskuldsána og er mikil þrýði fyrir svæðið.

Ferðabjónusta

Mikil fjöldi ferðamanna kom í Snæfellsbæ á árinu og er gesta-fjöldinn að nálgast það sem áður var. Tjaldsvæðin okkar voru mikil notuð og komu tæplega 17.000 gestir á þau á liðnu ári sem er ör-lítið meira en árið 2019.

Hótel Búðir hófu stækkun á hótelinu sem á að ljúka um mitt ár 2023. Þetta verður mikil breyting fyrir starfsemina og eftir stækkun verður hægt að taka á móti mun stærri hópum en áður.



Búsetukjarninn

Á árinu var tekinn í notkun glæsilegur 5 íbúða búsetukjarni í Ólafsvík fyrir íbúa með fötlun þetta er stór áfangi hjá okkur að vera komin með þetta frábæra hús en slíkt var ekki til áður hjá okkur.

Fjármál og fleira

Fjárhagsstaða Snæfellsbæjar er góð og voru engin ný langtímalán tekin á árinu sem er mjög ánægjulegt, verðbólgan setti þó nokkuð strík í reikninginn hvað varðar fjármagnsútgjöld.

Oft hefur okkur gengið betur á sviði íþróttanna en á árinu 2022. Þó er það eftirtektarvert að unga fólkið okkar er að standa sig afar vel og við eigum nokkrar konur í landsliðum Íslands sem ég er afar stoltur af.

Kosið var um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar þann 19. febrúar s.l.. Íbúar Snæfellsbæjar samþykktu sameininguna en íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps felldu sameininguna, þannig að ekkert varð úr sameiningu sveitarfélaganna.

Í lok ársins dó Benedikt XVI

páfi, en hann hitti ég ásamt góðu fólki af Snæfellsnesi í Páfagarði 2011. Það var mjög mikil lífsreynsla að koma í Páfagarð á sínum tíma og sjá alla dýrðina og jafnframt að hitta páfann. Stuttu eftir að við heimsóttum hann, lét hann af embætti og setti í helgan stein, annar páfinn sem hafði gert það í sögunni

Á persónulegum nótum

Af sjálfum mér þá var árið ágætt og gott var að geta átt meiri samskipti við fólk eftir tvö ár af samkomutakmörkunum. Dóttir mín hún Thelma náði stórum áfanga í sínu lífi er hún útskrifaðist sem lækni frá Háskóla Íslands í vor. Það er alltaf ánægjulegt þegar fólk nær markmiðum sínum í lífinu. Ég naut þess að hreyfa mig á árinu eins og undanfarin ár og er alltaf sannfærðari um mikilvægi þess að hreyfa sig eins mikið og kostur er. Naut þess með góðum vinum að sinna kindunum mínum sem hefur fjölgað umfram það sem stóð til. Fór nokkrar smalaferðir um okk-

ar fallega svæði í haust, þetta árið voru kindurnar frekar á því að vilja vera til fjalla enda tíðafarið einstaklega gott. Það sem jafnframt er skemmtilegt við þetta smalastúss er að maður kynnist fjöldanum öllum af skemmtilegu fólki og fær eins og áður segir góða hreyfingu og náttúruupplifun. Ég naut líka samvista með fjölskyldunni og vinum á árinu og þær gæðastundir skipta alltaf miklu máli.

Samstarf innan bæjarstjórnar var afar gott eins og undanfarin ár og mikil samstaða um þau stóru verkefni sem fyrir lágu á árinu. Starfsmenn Snæfellsbæjar sig hafa staðið sig með miklum ágætum á árinu og erum við heppin að hafa á að skipa afar hæfum starfsmönnum sem skilar sér í góðum rekstri sveitarfélagsins.

Að lokum óska ég ykkur öllum gleðilegs árs og þakka samstarfið á liðnum árum. Megi árið 2023 verða okkur öllum farsælt.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri.

Jólaball í Snæfellsbæ

Kvenfélög Ólafsvíkur og Hellissands auk Lionsklúbbana Rán, Þernan og Nesþinga héldu sameiginlegt jólaball í Snæfellsbæ þann 28. desember síðastliðinn. Tæplega 120 manns sóttu ballið. Dansað var í kringum jólatréð en Olga Guðrún Gunnarsdóttir og Garðar Kristjánsson léku fyrir dansi. Á ballinu var boðið upp á skúffuköku og safa en ekki kakó eins og hefur tíðkast. Fyrirkomulagið heppnaðist vel og

fékk nefndin fáar athugasemdir við breytinguna.

Eftir veitingarnar komu jólasveinarnir í heimsókn og gáfu krökkunum nammi úr sekkjum sínum. Þeir sem voru nógu hugrakkir gátu fengið mynd af sér með þeim. Jólaballið heppnaðist vel í alla staði og fóru krakkarnir lukkulegir heim að loknu balli með poka fullan af nammi.

.jj



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Smiðjan sendi jólakveðjur

Starfsfólk vinnustofunnar Smiðjunnar fóru um miðjan desember með jólakveðju og jólakertri í nærliggjandi fyrirtæki og stofnanir. Smiðjan er markvisst að auka sýnileika sinn í samfélaginu og eru þau virkilega þakklát fyrir þann áhuga og stuðning sem samfélagið hefur sýnt þeim síðastliðið ár. Þau byrjuðu hefð-

ina í fyrra og stefna á að halda henni áfram. Jólakortin og kertin sem þau gáfu eru unnin alfarið hjá þeim. Fóru þau í 35 fyrirtæki og stofnanir með jólaglaðninginn. Kertin eru unnin úr endurunnum kertaafgöngum sem bæjarbúar hafa komið með til þeirra. Starfsemi Smiðjunnar hefur vak- ið athygli víða en þau hafa fengið

kertaafgangna senda alla leið frá Reykjavík. Facebook síða þeirra hefur fengið mikla athygli og þar sjá þau hversu margir hafa gaman af því að fylgjast með starfsemi sinni sem er í sífelldri þróun. Hafa þau nýtt Facebook síðuna sína til þess að vekja athygli á starfinu, kynna verkefni og fræða fólk um margvíslega þátttöku í daglegu starfi

hjá sér. Þátttakan í starfinu er fjölbreytt en þau fagna fjölbreytileikanum og vinna með margvíslega þátttöku sem er öll jafn mikilvæg. Auk þess nota þau Facebook síðu sína til að óska eftir allskonar hlutum og eignum sem þjóna ekki tilgangi sínum lengur og gefa þeim ný hlutverk. Kertagerðin er eitt þeirra verkefna.

Fyrir nokkrum vikum fengu þau fyrirspurn um verkefni frá jólasveinunum. Sáu þeir sér ekki fært að pakka inn öllum gjöfunum sem þeir ætluðu að gefa á jólaballi Krílakots sem haldið var 14. desember síðastliðinn. Starfsmenn Smiðjunnar fundu lausn á því vandamáli og útbjuggu gjafapokanir undir allar gjafirnar. Gjafapokarnir voru einstaklega vel heppnaðir en þeir voru saumaðir úr endurnýttu efni og stimplaðir með jólamynd. Krakkarnir gátu svo skreytt pokann þegar þau höfðu tekið upp gjafirnar og gefið hann áfram.

.jj



Gjaldskrá fyrir Lýsulaugar

Gildir frá 1. janúar 2023

Sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli

Stakar sundferðir:

Börn, 9 ára og yngri.....	Frítt
Börn, 10-17 ára.....	500 kr.
Fullorðnir.....	1.500 kr.
Ellilífeyrisþegar og öryrkjar.....	500 kr.

Afsláttarmiðar:

Börn, 10 miðar.....	1.500 kr.
Börn, 30 miðar.....	3.600 kr.
Börn, árskort.....	10.000 kr.
Fullorðnir, 10 miðar.....	5.250 kr.
Fullorðnir, 30 miðar.....	12.600 kr.
Fullorðnir, árskort.....	36.750 kr.

Annað:

Sturta, fullorðnir.....	1.000 kr.
Leiga á sundfötum.....	500 kr.
Leiga á handklæði.....	500 kr.

Börnum yngri en 10 ára er óheimill aðgangur að sundlauginni nema í fylgd með syndum einstaklingi, 15 ára eða eldri. Viðkomandi má ekki hafa fleiri en tvö börn með sér, nema um sé að ræða foreldri eða forráðamann barna.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bærstjórn Snæfellsbæjar þann 8. desember 2022. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2023 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir sundlaug Snæfellsbæjar á Lýsuhóli sem gilt hefur frá 1. janúar 2022.

Snæfellsbær, 8. desember 2022

Kristinn Jónasson, bærstjóri



Prettándabrenna

Lionsklúbbanna í Ólafsvík

Á prettándanum 6. janúar kl. 18 verður gengið frá Pakkhúsinu að brennu rétt innan við félagsheimilið á Klifi.

Gengið verður í fylgd álfadrottningar, álfakóns, álfameyja og púka auk mennskra manna.

Við brennuna verður flugeldasýning.

Íbúar Snæfellsbæjar og nærsveita eru hvattir til að mæta í gönguna og taka þátt í að kveðja jólin.



Lionsklúbbarnir í Ólafsvík



Sundleikfimi eldri borgara hafin aftur

Eldri borgarar hafa verið duglegir að mæta í sundleikfimi í vetur en tímarnir hófust aftur eftir jólafrí síðastliðinn þriðjudag. Um 25 til 30 manns hafa verið að mæta í tímana en þeir fara fram tvisvar í viku undir leiðsögn Suad Begic. Tímarnir eru alla þriðjudaga og fimmtudaga frá klukkan 10 til 11

en um er að ræða frábæra hreyfingu svo ekki sé talað um félagskapinn. Öllum eldri borgurum er velkomið að skrá sig í tímana en það góða við að æfa í vatni er að vatnið leyfir fólki að fljóta og líða betur vegna þyngdarleysisins.

sj

Ósóttir vinningar

Eins og fram kom í síðasta Jökli þá var talsvert um ósotta vinninga í happdrættum Lionsklúbbanna um jólin, þegar úrdrætti lauk í Klifi voru yfir 60 vinningar ósóttir í happdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Miðaeigendur tóku vel við sér og þegar þetta er skrifað eru aðeins 12 ósóttir vinningar og er

hægt að vitja þeirra í Steinprent alla virka daga frá 10 til 12 og 13 til 15.

Ósott vinningsnúmer frá jólahappdrætti Lkl. Ólafsvíkur eru þessi:

218 - 843 - 853 - 988 - 1114 - 1121 - 1183 - 1204 - 1758 - 1900 - 2043 - 2084